

46. stjórnarfundur Austurbrúar haldinn þriðjudaginn 28. apríl kl. 16:00

Fundargerð

Fundurinn er haldinn í síma.

Mættir stjórnarmenn: Jón Björn Hákonarsson (JBH), Karl Lauritzson (KL), Berglind Hasler (BH), Sveinn Jónsson (SJ), Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB), og Páll Baldursson (PB)

Fjarverandi. Þórunn Egilsdóttir (ÞE) og Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Mættir starfsmenn: Guðrún Jónsdóttir (GJ), Björg Björnsdóttir (BB), Signý Ormarsdóttir (SO) sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Framkvæmdastjóri Austurbrúar Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ)

Mættir gestir: Skúli Björn Gunnarsson sat lið 2 og 5 á fundinum.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerða
2. Starfsháttanefnd
 - a. Fagráð Austurbrúar
 - b. Verklagsreglur til samþykktar
3. Innleiðingaráætlun – staða mála
4. Verkefnastaða Austurbrúar – yfirlit yfir verkefni og efst á baugi
5. Ársfundur Austurbrúar
6. Skipan í stjórn Breiðdalsseturs
7. Skipan í starfshóp á vegum forsætisráðuneytisins um flugmál
8. Önnur mál
 - i) Starfsmannamál
 - ii) Húsnæðismál Vonarlandi – gögn frá Vísindagarði
 - iii) Brothættar byggðir – staða mála og næstu skref
 - iv) Menningarráð Austurland – lokun kennitölu 691001-2530 af hálfu SSA.

Jón Björn Hákonarson setti fundinn og bauð alla velkomna. Jón Björn óskaði eftir því að liður 5 verði tekin fyrir í framhaldi af lið 2 sem liður 3. Það samþykkt.

1) Staðfesting fundargerða

Fundargerð 45. fundar stjórnar staðfest.

2) Starfsháttanefnd.

Skúli Björn Gunnarsson formaður starfsháttanefndar mætti á fundinn og tók fyrir vinnu starfsháttanefndar.

a) Fagråd Austurbrúar

Málefni um fagråd sem skipa á skv. 11. gr. skipulagsskrár rædd.

b) Verklagsreglur til samþykktar

Verklagsreglur stjórnar, fagráða, faghópa og starfsháttanefndar samþykktar samhljóða.

3) Ársfundur Austurbrúar

Umræður um aðalfund Austurbrúar og hann ákveðinn þann 19. maí kl: 16:00 – 17:30 í stað 12. Maí eins og fyrirhugað var. Formaður gat þess að ársreikningar verði tilbúnir í byrjun næstu viku og í framhaldi af því verði kallað til stjórnarfundar. Ársskýrsla sé í vinnslu og verði lögð fram í rafrænu formi. Fram kom að innri reglur stjórnar séu tilbúnar og þær verði lagðar fyrir aðalfund. Umræða var um boðun aðalfundar. Auglýsa skuli aðalfund 14 dögum fyrir aðalfund og því æskilegt að senda auglýsingu í fjölmiðla fyrir lok vikunnar. Skúli Björn Gunnarsson víkur af fundi.

4) Innleiðingaráætlun – staða mála

JB fór yfir innleiðingaráætlunina ásamt SO þar sem fram kom m.a. að verkbókhald væri komið í gagnið og það inni nú saman við fjárhaldsbókhaldið. Því megi gera ráð fyrir að hægt verði að skila þriggja mánaða uppgjöri fyrir lok maí. Vel hafi gegnið með vinnu innleiðingaráætlunar síðustu mánuði og mörg mál hennar á lokastigi.

5) Verkefnastaða Austurbrúar – yfirlit yfir verkefni og efst á baugi.

JB fór yfir exelskjál sem sýnir stöðu verkefna. Umræður urðu um verkefni sem eru í gangi og mikivægi þess að fjölga starfsmönnum hjá Austurbrú þar sem mikilvægt sé að halda samfellu í verkefnum sem Austurbrú hefur tekið að sér.

Þá urðu talsverðar umræður um vinnu Uppbyggingasjóðs og þær áætlanir að úthluta styrkjum á aðalfundi. Stjórn taldi mikilvægt að flýta sem mest frágangi úthlutunar og tilkynna styrkveitingar um leið og vinnu fagraða og úthlutunarnefndar væri lokið.

Þá kynnti JB vinnu vegna fyrirhugaðs millilandaflugs á Egilsstaðaflugvöll og hugmyndir þar um.

JB formaður þakkaði starfsmönnum Austurbrúar fyrir góða vinnu vegna ferðasýningar í Fjarðabyggðarhölinni í síðasta mánuði í tengslum við aðalfund Samtaka í ferðaþjónustu (SAF) sem haldinn var á Austurlandi. En sýningin var ákveðin með litlum fyrirvara og tókst mjög vel.

6) Skipan í stjórn Breiðdalsseturs.

Þekkingarnet Austurlands var með skipunarrétt í stjórn Breiðdalsseturs og fluttist þessi réttur yfir til Austurbrúar við sameininguna. Undanfarið ár hefur setið í stjórn Breiðdalsseturs fyrir hönd Austurbrúar Hákon Hansson – aðalmaður Páll Baldursson – varamaður. Lagt er til að þessir aðilar verði skipaðir aftur undir sömu formerkjum (aðalmaður og varamaður) í stjórn Breiðdalsseturs. Rætt hefur verið við viðkomandi og þeir tilbúnir til stjórnarsetu áfram. Tillagan samþykkt samhljóða.

7) Skipan í starfshóp á vegum forsætisráðuneytisins um flugmál.

Austurbrú á von á að fá bréf frá forsætisráðuneytinu um skipun í starfshóp um „Könnun á möguleikum á fjölgun lendingarstaða í millilandaflugi“. Óskað verður eftir tilnefningu tveggja aðila af sitt hvoru kyni. Lagt er til að þessir aðilar verði. María Hjálmaradóttir – til vara Jóna Árný Þórðardóttir. Björn Ingimarsson – til vara Jón Björn Hákonarson. Tillaga um þessa aðila samþykkt samhljóða.

8) Önnur mál

i) Starfsmannamál.

Málefni fært í trúnaðarmálabók

ii) Húsnæðismál Vonarlandi – gögn frá Vísindagarði.

Frestað til næsta fundar.

iii) Brothættar byggðir – staða mála og næstu skref.

Frestað til næsta fundar.

iv) Menningarráð Austurland – lokun kennitölu 691001-2530 af hálfu SSA.

Stjórn felur framkvæmdastjóra Austurbrúar að ganga frá því að loka kennitölu Menningarráðs Austurlands enda hefur Menningarráð Austurlands haldið auka aðalfund þar sem það var lagt niður að beiðni stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið kl. 17:35

Jón Björn Hákonarson

Berglind Hasler

Sigrún Birna Björnsdóttir

Sveinn Jónsson

Karl Lauritzson

Páll Baldursson